

Orkustofnun
Skúli Thoroddsen
Grensásvegi 9
108 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 9. desember 2015
UST201512-015/B.S.
10.05.08

Efni: Rannsóknarleyfi - Dimmagljúfursvirkjun í Hafalónsá. Umsögn


Vísað er til bréfs Orkustofnunar dags. 30. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn um rannsóknarleyfi.


Fyrirhugaðar rannsóknir taka til landmælinga, rennslismælinga auk athugana á helstu umhverfisþáttum sem koma til skoðunar við umhverfismat virkjunarinnar.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við ofangreindar rannsóknir sem unnt er að framkvæmda án þess að raska landi. Hins vegar er ráðgert að ráðast í jarðfræðiathuganir og jarðefnaleit, en slíkar rannsóknir krefjast þess að stórvirkum vinnuvélum þarf að koma á fyrirhuguð framkvæmdasvæði.

Umhverfisstofnun bendir á að við þessar rannsóknir verði reynt að raska landi sem minnst og þannig að ekki hljótist af náttúruspjöll. Gengið verði frá öllum könnunargryfjum þannig að sýnileg ummerki verði sem minnst, ef svo færi að ekki verði af frekari framkvæmdum við virkjunina.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri